

Aðalfundur fimleikafélagsins Björk

Aðalfundur fimleikafélagsins Björk verður haldinn mánudaginn 20. mars 2013 kl. 20:00 í félagsheimili félagsins í Íþróttamiðstöðinni Björk að Haukahláunum 1.

Dagskrá

1. Fundarsetning og ávarp formanns.

Formaður félagsins Ingvar Kristinsson setur fundinn og bíður félaga velkomna á fundinn.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Ingvar ber upp tillögu um Hrafnkell Marinósson sem fundarstjóra, tillaga samþykkt og Hannes Pétursson sem fundarritara, tillaga samþykkt.

3. Staðfest lögmæti fundarins.

Fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins frá 27. febrúar og með tölvupósti til iðkenda 14. mars og með auglýsingu í Fjarðarpóstinu 7. mars.

4. Kannað kjörgengi fundarmanna.

Skv. lögum félagsins hafa allir félagar rétt til eins atkvæðis á aðalfundi félagsins. Félagi yngri en 16 ára er ekki heimilt að greiða atkvæði á aðalfundi, en foreldri eða forráðamanni er heimilt að greiða atkvæði í stað barnsins. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi félagsins.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.

Liggur frammi í nokkrum eintökum, eins er hún á vef félagsins www.fbjork.is undir flípanum skjöl.

6. Skýrsla aðalstjórnar.

Ingvar gerir grein fyrir skýrslunni sem er aðgengileg á vef félagsins www.fbjork.is undir flípanum skjöl.

7. Reikningar félagsins.

Ingvar vísar í það sem kom fram í skýrslu stjórnar.

8. Umræður um skýrslu og reikninga

Nokkrar athugasemdir komu fram.

Hafsteinn óskar eftir að koma með athugasemdir.

Ingvar talaði um að rekstur væri í jafnvægi hann er ekki sammála því. Vill benda á nokkur atriði sem hann vill vekja athygli á:

1. Í fyrsta lagi halla upp á 1.688þús. Það er ekki hægt að reka fyrirtæki eða íþróttafélag með halla ár eftir ár.

2. Rekstrarstyrkur á þessu ári gerum við ráð fyrir að verði um 2 milljónir og er því um 1400þús minna en 2012.

3. Tekjufært er niðurgreiðsla frá bænum en við höfum ekki þurft að nýta og því setið inn hjá okkur. En með nýja kerfinu Nora getum við ekki fengið þessar tekjur. Þarna eru 1.6 milljón sem ekki verða á næsta ári.

4. Nýr starfsmaður á skrifstofu kostar um 4.2 milljón á árinu 2013 (ATH líka kostnaður 2012).

Þetta þýðir að við þurfum að fá meiri tekjur til að brúa bilið á þessu ári. Í dag eru skráðir 681 iðkandi hjá félaginu, hefur sagt að það þurfi um 800 til hægst sé að reka þetta í plús. Á sama tíma í fyrra voru um 780 iðkendur.

Hvaða forendur eigum við að gefa okkur í sambandi við launagreiðslur. Það hafa öll laun verktaka hækkað á síðasta ári og hann telur að það séu ekki innstæða fyrir hækkunum.

Athugasemd að félagið hélt jólahlaðborð þegar hægt var að gera það á ódýrari hátt hér í húsinu.

Ekki nægilegur áhugi á fjáröflunum hjá félagsmönnum og varla vinnunar virði núna undanfarið.

Sjoppusala fer alltaf núna í ákveðna hópa en ætti að fara beint undir þá deild sem heldur mótið. Félagið þarf á þessum peningum að halda.

Bendir á að það eru 2 ár síðan að samningur var gerður við hafnarfjarðabæ þar sem við erum að borga þeim húsaleigu fyrir aðstöðuna. Þetta er um 60þús á mánuði.

Það eru ágætis tekjur af útleigu til afmæla og samkoma. Nú í ár höfum við þurft að borga starfsmönnum húsins laun því þetta er utan þeirra vinnutíma um helgar.

Í ár voru mótagjöld felld inn í iðkendagjöld fimleikadeildar. Þetta eru um 600þús á ári. Það er nauðsynlegt að það sé haft í huga þegar við berum saman iðkendagjöld að hjá okkur eru þessi gjöld innifalin.

Guðjón vill koma með athugasemdir við framlag Hafsteins:

Tekur undir með Hafsteini að hann hefur líka áhyggjur og það þarf að spýta í lófana með tekjumöguleika. Það eru möguleikar gagnvart bænum í sambandi við áhaldakaup, við eigum mikið inni hjá þeim. Þurfum að gera meira í styrkjámálum, ímyndin hefur batnað það eru möguleikar þar. Átti von á meiri tekjum frá fimleikadeild. Afreksstarf er kostnaðarsamt og hann hefur ekki fengið það frá stjórn að það þurfi að minnka þetta starf. Er sjálfur á því að það eigi að halda þessu starfi áfram, en það má spyrja sig hvort þetta borgi sig.

Innheimta æfingagjalda það eru um 5% sem eru afskrifaðar, það væri strax munur ef þetta færi niður í 3%. Gjaldkeri þarf að koma betur inn í þessa vinnu.

Jólahlaðborð kostaði um 200þús, hefði líklega kostað um 100þús ef það hefði verið haldið innanhús. Hefur verið mest um 20 manns. Vildi prófa að gera þetta flottara og líta á þetta sem hópefli sem vert væri að eyða í.

Er ekki sammála þessum iðkandatölum (681) ber ekki saman við hans tölur í Nóra eru skráðir 770 -780 manns

Hlín:

Það er hægt að gera miklu betur í að afla tekna. Vissi til þess að hjá 5 fyrirtækum var áhugi á að styðja við féalgið.

Ingvar:

Það má lítið út af bregða. Æfingagjöld hafa hækkað mikið og erfitt að hækka meira. Það eru ónýttir tekjumöguleika. Sammála Hlín, þessi markaður var lokaður eftir hrun en er vonandi að opnast aftur. Verðum að sækja til bæjarinnis viðhald á þeirra eigum.

Rekstur 2012 nánast eins og 2011 en síðan er rétt eins og Hafsteinn bendir sem eru að breytast og við verðum að vera vakandi fyrir því. Er áætlun fyrir 2013 en hún gerir ráð fyrir litum hagnaði og því má lítið út af bregða.

Hlín:

Er eitthvað að gerast í þeirri ósk okkar um að fá að taka fyrir rekstur hússin.

Ingvar:

Erindinu var hafnað á sínum tíma, búið að ræða þetta við bæjarstjóra en hefur ekkert gengið, vorum líka að ræða um að fjármagna saman starfsmann en það hefur ekkert gengið

9. Reikningar bornir undir atkvæði.

Reikningar samþykktir samhljóða.

10. Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar bárust og því ekki á dagskrá.

11. Kosning formanns.

Ingvar Kristinsson býður sig fram til formanns
Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

12. Kosning 2 stjórnarmanna og 3 varamanna.

Tillögur um stjórnarmenn til 2ja ára:

Andrés Andrésón

Kristinn Arason

Fyrir eru í stjórn þær Sjöfn Jónsdótti og Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir kosnar á síðasta aðalfundi til 2ja ári (Svanhildur óskar eftir að víkja úr stjórn vegna anna, tillaga um að Hannes komi í hennar stað til eins árs).

Varastjórn í lögum félagsins er kveðið á um 3 varamenn:
Ekki liggja fyrir tillögur ákveðið með leyfi fundarinnis og stjórn finni varamenn.

13. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga fyrir næsta starfsár.

Guðmundur Logi Lárusson bókari og Ingólfur Arnarson.

Ingvar geri grein fyrir þessu:

Höfum haft þá Ómar Einarsson og Jón Trausti Harðarson til langs tíma og hafa gert vel. Ingvar hefur viljað fá mann með reynslu. Guðmundur Logi hefur mikla reynslu. Ingólfur var lengi hér í stjórn. Tillaga um að breyta aðeins til. Fá ný stónarhorn á þetta. Samþykkt.

14. Ávarp formanns

Þakkar traustið að fá val. Er búinn að vera í 5 ár. Finnst 6 ár vera passlegur tími og við mættum fara að líta í kringum okkur næsta árið. Vill klára þau verk sem við stefndum á að klára. Vill koma félaginu á góðan stað. Erum með flottann hóp í öllum okkar greinum. TKD og klifur bæði á góðri siglingu en mætti vera fleiri iðkendur. Vill góðan eftirmann að ári.

15. Önnur mál.

Fundarstjóri (Hrafnkell) kveður sér hljóðs. Er líka formaður ÍBH. Hvers vegna. Hefur komið mikið að íþróttastarfinu sjálfur og á börn sem eru í íþróttum.

ÍBH er ykkar félag, þið eruð með góðan talsmann (Ingvar formann). Björk eitt af stóru félögunum í ÍBH og hefur alla tíð verið í framkvæmdarstjórn en vísur núna til að halda jafnari kynjakvóta í framkvæmdarstjórn. Norðulandamót sem Björk hélt var umtalað að þar var vel staðið að öllu skipulagi, m.a. vegna "beinnar útsendingar" á Internetinu. Nýtir tækifærið að koma þökkum frá ÍBH til Bjarkanna fyrir samstarfið.

Hlín:

Til hamingju með árangurinn, erum á leiðinni upp eftir smá lægð, mjög góður árangur á mótum.

16. Fundarslit.

Fundi slitið kl: 21:05